

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar (VII).

1. gr.

Gildistaka reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/500.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/500 frá 25. mars 2019 um að koma á fót viðbúnaðarráðstöfunum að því er varðar samræmingu almannatrygginga í kjölfar úrsagnar Bretlands úr sambandinu skal öðlast gildi hér á landi, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á VI. viðauka (félagslegt öryggi) og bókun 37 við EES-samninginn, sbr. einnig 3. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum og bókun 1 við EES-samninginn.

Reglugerðin skal gilda með þeirri aðlögun sem fram kemur í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2019.

2. gr.

Efni.

Í reglugerð þessari er mælt fyrir um gildistöku reglugerðarinnar varðandi þau málefni sem talin eru upp í 2. gr. reglugerðar nr. 442/2012 um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar og heilbrigðisráðherra fer með.

Í reglugerð félags- og barnamálaráðherra verður kveðið á um gildistöku reglugerðarinnar varðandi þau málefni sem talin eru upp í 2. gr. reglugerðar nr. 442/2012 um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar og félags- og barnamálaráðherra fer með.

Í reglugerð fjármála- og efnahagsráðherra verður kveðið á um gildistöku reglugerðarinnar varðandi þau málefni sem talin eru upp í 2. gr. reglugerðar nr. 443/2012 um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar (réttindi úr lífeyrissjóðum og til barnabóta) og fjármála- og efnahagsráðherra fer með.

3. gr.

Fylgiskjöl.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 57 frá 18. júlí 2019, bls. 4, og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/500 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 38 frá 16. maí 2019, bls 10, eru einnig birt sem fylgiskjöl með reglugerð félags- og barnamálaráðherra um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins almannatryggingar (VII), nr. 761/2019.

4. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 55. gr., sbr. 3. mgr. 53. gr. laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum, og 24. gr. laga um slysatryggingar almannatrygginga, nr. 45/2015, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðisráðuneytinu, 23. ágúst 2019.

Svandís Svavarsdóttir.

Elsa B. Friðfinnsdóttir.